

**Heildarniðurstöður úttekta á
sjálfsmatsaðferðum grunnskóla 2007–2009**

Samanburður á niðurstöðum 2001-2003 og 2007-2009

*Mennta- og menningarmálaráðuneytið
Apríl 2010*

Mennta- og menningarmálaráðuneytið

Apríl 2010

Útgefandi: Mennta- og menningarmálaráðuneyti
Sölvhólgötu 4
150 Reykjavík
Sími: 545 9500
Bréfasími: 562 3068
Netfang: postur@mrn.stjr.is
Veffang: www.menntamalaraduneyti.is

Umbrot og textavinnsla: Mennta- og
menningarmálaráðuneyti

© 2010 Mennta- og menningarmálaráðuneyti

ISBN 978-9979-777-79-3

Efnisyfirlit

INNGANGUR	3
ÚTTEKTIR Í GRUNNSKÓLUM 2007-2009	4
Staða sjálfsmats í skólunum	5
Sjálfsmatsaðferðir.....	5
Framkvæmd sjálfsmats	6
SAMANTEKT 2007-2009	7
SAMANBURÐUR Á HEILDARNIÐURSTÖÐUM 2001-2003 OG 2007-2009.....	9
VIÐAUKI	11
Viðmið.....	11
Matstæki.....	13
Skólar í úttekt vorið 2007	14
Skólar í úttekt haustið 2007	14
Skólar í úttekt vorið 2008	14
Skólar í úttekt haustið 2008	14
Skólar í úttekt vorið 2009	15
Skólar í úttekt haustið 2009	15
Úttektaraðilar 2007-2009	16

Inngangur

Í lögum um grunnskóla nr. 91/2008 segir að hver grunnskóli skuli meta með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólstarfs. Matið á að tengjast skólanámskrá og skulu upplýsingar um framkvæmd og umbætur birtar opinberlega. Í lögnum segir jafnframt að mennta- og menningarmálaráðuneytið skuli m.a. með sjálfstæðri gagnaöflun afla upplýsinga um framkvæmd laganna.

Í eldri lögum um grunnskóla nr. 66/1995 voru ákvæði þess efnis að sérhverjum skóla bæri að innleiða aðferðir til að meta skólstarfið og að á fimm ára fresti ætti menntamálaráðuneytið að taka út sjálfsmatsaðferðir skóla. Ákvæði um úttektir á sjálfsmatsaðferðum grunnskóla komu fyrst til framkvæmda haustið 2001 og stóð fyrsta umferð úttekta til vors 2003. Önnur umferð úttekta hófst í febrúar 2007 og voru gerðar úttektir á sjálfsmatsaðferðum 48 skóla það ár. Árið 2008 voru síðan teknar út sjálfsmatsaðferðir 64 skóla og 59 árið 2009. Á tímabilinu voru því gerðar úttektir á sjálfsmatsaðferðum í 171 skóla.

Þau viðmið sem lögð eru til grundvallar úttektum á sjálfsmatsaðferðum skóla eru birt í *Aðalnámskrá grunnskóla, almennum hluta*. Auk þess gaf menntamálaráðuneytið út bæklinginn *Sjálfsmat skóla* árið 1997 og er þar fjallað um tilgang og markmið sjálfsmats, sett fram viðmið fyrir sjálfsmat skóla, birtur gátlisti og gefið dæmi um ramma fyrir sjálfsmatsskýrslu.

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir helstu niðurstöðum úttektanna sem fram fóru í öllum grunnskólum landsins á árunum 2007 til 2009. Jafnframt er í skýrslunni samanburður á heildarniðurstöðum frá 2001-2003 og 2007-2009.

Úttektir í grunnskólum 2007-2009

Á úttektatímabilinu 2007 til 2009 voru teknar út sjálfsmatsaðferðir í 171 grunnskóla í öllum kjördæmum landsins. Af ýmsum ástæðum var ekki hægt að gera úttekt á örfáum grunnskólum. Í samræmi við lagaákvæði fól mennta- og menningarmálaráðuneytið, að undangenginni auglýsingu, utanaðkomandi aðilum að vinna úttektirnar.

Áður en úttektir hófust var sveitarfélögum og skólum tilkynnt í hvaða skólum úttektir færu fram, tímasetning úttektanna og úttektaraðilar.

Úttektir á sjálfsmatsaðferðum byggðu m.a. á gögnum frá viðkomandi skóla, heimsóknum í skóla og viðtölum við stjórnendur, kennara, fulltrúa annarra starfsmanna, nemendur og foreldra, eftir því sem við átti.

Við vinnslu úttektar í hverjum skóla skráðu úttektaraðilar niðurstöður sínar í rafrænan spurningalista (sjá nánar um matstæki í viðauka). Sama matstæki var notað þegar gerðar voru úttektir á sjálfsmatsaðferðum 2001 til 2003.

Matstækið byggði á spurningalista þar sem lengd spurningalistans fór eftir stöðu sjálfsmats í hverjum skóla. Um var að ræða þrjár útfærslur af spurningalistanum og var val milli lista byggt á stöðu skólanna í sjálfsmatsvinnunni.

Spurningalisti fyrir skóla sem hafði unnið kerfisbundið sjálfsmat samanstóð af 42 tvíkosta og fjölvalsspurningum. Byggði efnið á tíu viðmiðum (sjá nánar um viðmið í viðauka) og skiptist listinn í fjóra meginhluta; staða sjálfsmats í skólanum, sjálfsmatsaðferðir skólans, framkvæmd sjálfsmats og heildarniðurstaða.

Ef skóli hafði gert einstakar tilraunir við sjálfsmat um afmarkaða þætti skólastarfsins var notaður styttri spurningalisti með sjö spurningum sem skiptist í tvo hluta; staða sjálfsmats í skólanum og heildarniðurstaða.

Ef skóli hafði ekkert unnið við sjálfsmat eða aðeins hafið undirbúning kerfisbundins sjálfsmats skráðu úttektaraðilar niðurstöður sínar í þriðja og jafnframt stysta spurningalistann með fjórum spurningum. Sá listi skiptist í tvo hluta; staða sjálfsmats í skólanum og heildarniðurstaða.

Í öllum tilvikum kynntu úttektaraðilar skólastjóra viðkomandi skóla niðurstöður úttektar áður en þeim var skilað til ráðuneytisins þannig að þeir hefðu tækifæri til að gera efnislegar athugasemdir. Þegar

niðurstöður úttekta hvernar annar lágu fyrir gaf ráðuneytið út áfangaskýrslu um stöðu sjálfsmats í þeim skólum sem þá höfðu verið teknir út og var hún send sveitarstjóra ásamt samantekt með helstu niðurstöðum. Afrit var sent skólum. Í þeim tilfellum þar sem niðurstaða úttektar var ófullnægjandi eða fullnægjandi að hluta var óskað eftir upplýsingum frá sveitarstjórum um viðbrögð sveitarfélagsins við niðurstöðum úttektar.

Staða sjálfsmats í skólunum

Í 109 grunnskólum lá fyrir skrifleg og opinber verkáætlun um sjálfsmat eða í um 64% skólanna.

Eins og fram kemur í eftirfarandi töflu þá hafði kerfisbundið sjálfsmat farið fram í 91 skóla eða í um 53% skólanna.

Staða sjálfsmats	Fjöldi skóla	Hlutfall
Kerfisbundið sjálfsmat á öllum helstu þáttum	61	36%
Kerfisbundið sjálfsmat á tilteknum þáttum	30	18%
Einstakar tilraunir við sjálfsmat	61	36%
Undirbúningur kerfisbundins sjálfsmats hafinn	16	9%
Ekkert hefur verið unnið við sjálfsmat	2	1%
Annað	1	1%
Alls	171	100%

Sjálfsmatsskýrslur höfðu verið gefnar út í 114 skólum. Skýrslurnar náðu ýmist til allra helstu þátta skólastarfsins eða til afmarkaðra þátta þess.

Sjálfsmatsaðferðir

Í þeim skólum þar sem unnið hafði verið kerfisbundið að sjálfsmati, eða gerðar höfðu verið einstakar tilraunir við sjálfsmat um afmarkaða þætti skólastarfsins, byggðu 138 skólar sjálfsmatsaðferðir sínar á

samsettu og aðlöguðu kerfi. Í 14 skólum voru notuð tilbúin kerfi, svo sem Glerverkið, Grunnskólarynir, Gæðagreinir, ISO9000 - Velvildarvogin, Kaupmannahafnarmódelið, Skólarynir, Skólavogin, Samhæft mælingakerfi (Balanced Scorecard) og tilbúið árangursstjórnunarkerfi.

Í 91 skóla eða 53% hafði farið fram kerfisbundið sjálfsmat. Þar voru niðurstöður eftirfarandi um hvort sjálfsmatskerfi skólanna uppfyllti þau viðmið sem mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur sett fyrir sjálfsmatsaðferðir (sjá nánar í viðauka).

Sjálfsmatskerfið telst:	Já	Já að hluta	Nei
Formlegt	88		3
Altækt	80		11
Áreiðanlegt	80	11	0
Samstarfsmiðað	83		8
Umbótamiðað	82		9
Árangursmiðað	70		21
Stofnanamiðað	82		9
Einstaklingsmiðað	89		2
Lýsandi	72		19
Greinandi	75		16
Opinbert	85		6

Samkvæmt viðmiðum ráðuneytisins taldist 51 skóli af þeim sem höfðu framkvæmt kerfisbundið sjálfsmat vera með fullnægjandi sjálfsmatsaðferðir og 35 skólar með fullnægjandi aðferðir að hluta.

Framkvæmd sjálfsmats

Í þeim skólum þar sem hafði farið fram kerfisbundið sjálfsmat taldist undirbúningur og kynning fullnægjandi í 60 skólum og fullnægjandi að hluta í 28 skólum.

Í 72 skólum þar sem farið hafði fram kerfisbundið sjálfsmat var framkvæmd umbóta í samræmi við aðgerða- og þróunaráætlun sem

gerð var í kjölfar sjálfsmats. Í 53 skólum hafði verið metið hvort markmiðum í aðgerða- og þróunaráætlun hafði verið náð.

Viðmið um hvað bættur árangur í einstökum þáttum felur í sér höfðu verið sett í 48 skólum. Einstaklingsmiðað sjálfsmat var nýtt við starfsmannastjórnun í 90 af skólunum 91.

Framkvæmdin í heild taldist fullnægjandi í 42 skólum þar sem kerfisbundið sjálfsmat hafði farið fram, fullnægjandi að hluta í 47 skólum og ófullnægjandi í tveimur skólum.

Samantekt 2007-2009

Í eftirfarandi töflu má sjá samantekt á niðurstöðum um mat á sjálfsmatsaðferðum skóla:

Sjálfsmatsaðferðir skólans teljast:	Fjöldi skóla	2007	2008	2009
Fullnægjandi	51 (30%)	12	20	19
Fullnægjandi að hluta	35 (20%)	17	7	11
Ófullnægjandi	85 (50%)	19	37	29
Samtals	171 (100%)	48	64	59

Í þeim 91 skóla þar sem kerfisbundið sjálfsmat hafði farið fram var lagt mat á framkvæmd sjálfsmatsins. Niðurstöðurnar eru eftirfarandi:

Framkvæmd sjálfsmats telst:	Fjöldi skóla	2007	2008	2009
Fullnægjandi	42 (46%)	12	17	13
Fullnægjandi að hluta	47 (52%)	17	10	20
Ófullnægjandi	2 (2%)	0	0	2
Samtals	91 (100%)			

Í 37 af þeim 171 grunnskóla sem var í úttekt tímabilið 2007 til 2009, eða í um 21%, eru bæði viðmið ráðuneytisins um sjálfsmatsaðferðir og um framkvæmd sjálfsmats uppfyllt að öllu leyti. Þessir skólar eru: Árbæjarskóli, Árskóli, Barnaskóli Hjallastefnunnar í Garðabæ,

Borgaskóli, Breiðagerðisskóli, Brúarskóli, Fellaskóli í Reykjavík, Flataskóli, Foldaskóli, Giljaskóli, Grundaskóli, Grunnskóli Fáskrúðsfjarðar, Grunnskólinn í Borgarnesi, Grunnskólinn í Grindavík, Háteigsskóli, Heiðarskóli í Reykjanesbæ, Hjallaskóli, Hofstaðaskóli, Húnavallaskóli, Húsaskóli, Hvaleyrarskóli, Hvassaleitisskóli, Hvolsskóli, Laugalandsskóli, Lindaskóli, Melaskóli, Njarðvíkurskóli, Norðlingaskóli, Safamýrarskóli, Smáraskóli, Snælandsskóli, Vatnsendaskóli, Vesturbæjarskóli, Víkurskóli, Vogaskóli, Ölduselsskóli og Öldutúnsskóli.

Í 49 skólum, eða um 29% skólanna, var niðurstaðan fullnægjandi að hluta, þ.e.a.s. að aðeins var uppfyllt að hluta annað hvort viðmið ráðuneytisins um sjálfsmatsaðferðir eða framkvæmd sjálfsmats en sumir uppfylltu bæði viðmið um sjálfsmatsaðferðir og framkvæmd að hluta. Þessir skólar eru: Ártúnsskóli, Áslandsskóli, Borgarhólsskóli, Dalvíkurskóli, Digranesskóli, Engidalsskóli, Engjaskóli, Flúðaskóli, Fossvogsskóli, Garðaskóli, Gerðaskóli, Glerárskóli, Grunnskóli Bláskógabyggðar, Grunnskóli Djúpavogs, Grunnskóli Ólafsfjarðar, Grunnskóli Reyðarfjarðar, Grunnskóli Seltjarnarness, Grunnskóli Siglufjarðar, Grunnskólinn austan Vatna, Grunnskólinn í Hrísey, Grunnskólinn í Vestmannaeyjum, Hagaskóli, Hamraskóli, Hrafnagilsskóli, Hraunvallaskóli, Ingunnarskóli, Kársnesskóli, Korpuskóli, Kópavogsskóli, Langholtsskóli, Laugalækjarskóli, Litlulaugaskóli, Lundarskóli, Lækjarskóli, Oddeyrarskóli, Réttarholtsskóli, Seláskóli, Seljaskóli, Setbergsskóli, Seyðisfjarðarskóli, Sjólandsskóli, Stórutjarnarskóli, Sæmundarskóli, Vallaskóli, Varmahlíðarskóli, Varmáarskóli, Waldorfskólinn Sólstafir í Reykjavík, Þelamerkurskóli og Þjórsárskóli.

Sjálfsmatsaðferðir í 85 skólum, eða um 50% skólanna, uppfylltu hvorki viðmið um sjálfsmatsaðferðir né framkvæmd sjálfsmats. Þeir skólar eru: Akurskóli, Austurbæjarskóli, Álftamýrarskóli, Álftanesskóli, Barnaskólinn á Eyrarbakka og Stokkseyri, Breiðholtsskóli, Brekkubæjarskóli, Brekkuskóli, Brúarásskóli, Fellaskóli í Fljótsdalshéraði, Finnbogastaðaskóli, Flóaskóli, Grandaskóli, Grenivíkurskóli, Grunnskóli Bakkafjarðar, Grunnskóli Bolungarvíkur, Grunnskóli Borgarfjarðar eystri, Grunnskóli Borgarfjarðar, Grunnskóli Breiðdalshrepps, Grunnskóli Eskifjarðar, Grunnskóli Grundarfjarðar, Grunnskóli Hornafjarðar, Grunnskóli Húnaþings vestra, Grunnskóli Ísafjarðar, Grunnskóli Mýrdalshrepps, Grunnskóli Snæfellsbæjar, Grunnskóli Vesturbyggðar, Grunnskóli Önuðarfjarðar, Grunnskólinn á Blönduósi, Grunnskólinn á Borðeyri, Grunnskólinn á Drangnesi, Grunnskólinn á Egilsstöðum og Eiðum, Grunnskólinn á Hellu, Grunnskólinn á Hólmavík, Grunnskólinn á Raufarhöfn, Grunnskólinn á Stöðvarfirði, Grunnskólinn á Tálknafirði, Grunnskólinn á Þórshöfn, Grunnskólinn

í Búðardal, Grunnskólinn í Grímsey, Grunnskólinn í Hofgarði, Grunnskólinn í Hveragerði, Grunnskólinn í Sandgerði, Grunnskólinn í Stykkishólmi, Grunnskólinn í Þorlákshöfn, Grunnskólinn Ljósaborg, Grunnskólinn Suðureyri, Grunnskólinn Tjarnarlundi, Grunnskólinn Þingeyri, Hafralækjarskóli, Hallormsstaðaskóli, Heiðarskóli í Hvalfjarðarsveit, Hlíðarskóli á Akureyri, Hlíðaskóli í Reykjavík, Holtaskóli, Hólabrekkuskóli, Höfðaskóli, Hörðuvallaskóli, Kirkjubæjarskóli, Klébergsskóli, Landakotsskóli, Laugargerðissskóli, Laugarnesskóli, Lágafellsskóli, Myllubakkaskóli, Nesskóli, Reykhólaskóli, Reykjahlíðarskóli, Rimaskóli, Salaskóli, Síðuskóli, Skóli Ísaks Jónssonar, Stóru-Vogaskóli, Suðurhlíðarskóli, Sunnulækjarskóli, Súðavíkurskóli, Svalbarðsskóli, Tjarnarskóli, Valsárskóli, Varmalandsskóli, Víðistaðaskóli, Vopnafjarðarskóli, Waldorfskólinn Lækjarbotnum, Öskjuhlíðarskóli og Öxarfjarðarskóli.

Samanburður á heildarniðurstöðum 2001-2003 og 2007-2009

Eins og áður segir var sama mælitækið notað við úttektir á sjálfsmatsaðferðum bæði 2001 til 2003 og 2007 til 2009. Þeim skólum hefur fjölgað þar sem fram hefur farið kerfisbundið sjálfsmat á öllum helstu þáttum og þeim skólum þar sem ekkert hafði verið unnið að sjálfsmati eða undirbúningur kerfisbundins sjálfsmats var hafinn fækkaði milli úttektatímabila eins og sjá má á meðfylgjandi töflu:

Staða sjálfsmats	2001-2003 Fjöldi (%)	2007-2009 Fjöldi (%)
Kerfisbundið sjálfsmat á öllum helstu þáttum	29 (16%)	61 (36%)
Kerfisbundið sjálfsmat á tilteknum þáttum	40 (22%)	30 (18%)
Einstakar tilraunir við sjálfsmat	71 (38%)	61 (36%)
Undirbúningur kerfisbundins sjálfsmats hafinn	27 (15%)	16 (9%)
Ekkert hefur verið unnið við sjálfsmat	10 (5%)	2 (1%)
Annað	7 (4%)	1 (1%)
Samtals	184 (100%)	171 (100%)

Þeim skólum hefur fjölgað þar sem sjálfsmatsaðferðir skólans teljast fullnægjandi og þeim skólum fækkað þar sem sjálfsmatsaðferðir teljast ófullnægjandi. Sjá nánar í meðfylgjandi töflu:

Sjálfsmatsaðferðir skólans teljast:	2001-2003 Fjöldi (%)	2007-2009 Fjöldi (%)
Fullnægjandi	29 (16%)	51 (30%)
Fullnægjandi að hluta	37 (20%)	35 (20%)
Ófullnægjandi	118 (64%)	85 (50%)
Samtals	184 (100%)	171 (100%)

Á tímabilinu 2001 til 2003 var talið að kerfisbundið sjálfsmat hafi farið fram í um 40% skólanna. Þetta hlutfall var komið í um 53% á tímabilinu 2007 til 2009. Framkvæmd sjálfsmats í þeim skólum þar sem unnið hafði verið kerfisbundið að sjálfsmati annað hvort á öllum helstu þáttum eða á tilteknum þáttum er borin saman í eftirfarandi töflu um framkvæmd sjálfsmatsins:

Framkvæmd sjálfsmats telst:	2001-2003 Fjöldi (%)	2007-2009 Fjöldi (%)
Fullnægjandi	24 (35%)	42 (46%)
Fullnægjandi að hluta	41 (59%)	47 (52%)
Ófullnægjandi	4 (6%)	2 (2%)
Samtals	69 (100%)	91 (100%)

Viðauki

Viðmið

Viðmið ráðuneytisins sem lögð eru til grundvallar við úttektir á sjálfsmatsaðferðum skóla eru að sjálfsmatið sé:

1. Formlegt

Lýsing á aðferðum við sjálfsmat þarf að liggja fyrir í sjálfsmatsskýrslu, skólanámskrá og hugsanlega í fleiri skriflegum gögnum frá skólanum. Fram þarf að koma hvort um er að ræða viðurkennda sjálfsmatsaðferð eða samsetta og aðlagða aðferð. Gera þarf grein fyrir hvernig að sjálfsmatinu er staðið í heild. Í lýsingunni þarf að koma fram hverjir stjórna verkinu, hverjir vinna það á hverjum tíma og til hverra það nær.

2. Altækt

Sjálfsmatið skal ná til allra helstu þátta skólastarfsins, þ.e. markmiða, stjórnunar, náms, kennslu, námsmats, nemenda, starfsfólks, aðbúnaðar og ytri tengsla. Ekki er þó gert ráð fyrir að skólar geti tekið jafn ítarlega á öllum þáttum á hverju ári.

3. Áreiðanlegt

Mikilvægt er að sjálfsmatið byggi á traustum gögnum og áreiðanlegum mælingum. Gögn skólans, t.d. námsferilsskrá og fjarvistaskrá, þurfa að vera tiltæk. Skólar geta þó ekki í öllum tilvikum byggt á tölulegum gögnum, en þurfa þá að meta starf sitt með öðrum hætti, eins og viðhorfakönnunum meðal ólíkra hópa, t.d. meðal nemenda, starfsfólks, foreldra, viðtökuskóla, almennings, atvinnulífs og brautskráðra nemenda.

4. Samstarfsmiðað

Allt starfsfólk þarf með einum eða öðrum hætti að koma að vinnu við sjálfsmatið. Við skipulagningu og undirbúning sjálfsmatsins þarf að kynna öllum starfsmönnum umfang verkefnisins. Jafnframt þarf að nást sátt um framkvæmd þess. Verkaskipting þarf að vera skýr og sömuleiðis stjórnun og ábyrgð. Á þessu stigi þarf að hafa í huga þátttöku nemenda, foreldra og annarra hagsmunaaðila í sjálfsmatinu.

5. Umbótamiðað

Í sjálfsmatsskýrslu þarf að birta aðgerða- og starfsáætlun um þær umbætur í skólastarfinu sem vinna þarf að í kjölfar sjálfsmats. Einnig þarf að birta upplýsingar um hvernig markmiðum umbótaáætlunar verði náð. Viðmið um hvað bættur árangur felur í sér þurfa að vera skilgreind.

6. Árangursmiðað

Skólinn skal vinna að því að meta hvort markmiðum skólans hafi verið náð og hvaða árangri skólastarfið hefur skilað út frá viðmiðum sem hann hefur sett sér. Þetta geta t.d. verið viðmið um námsárangur, vellíðan, umgengni, fjarvistir og brottfall.

7. Stofnana- og einstaklingsmiðað

Sjálfsmatið þarf að beinast bæði að stofnuninni sjálfri og einstaklingum innan hennar. Sem dæmi um þetta má nefna mat á frammistöðu skólans í samanburði við aðra, t.d. á samræmdum prófum og mat á stjórnun og kennslu.

8. Lýsandi

Í sjálfsmatsskýrslu þarf að vera stutt hnitmiðuð lýsing (texti, myndir, töflur) á starfsemi skólans. Lýsingin þarf að hafa tengsl við markmiðssetningu.

9. Greinandi

Í sjálfsmatsskýrslu þarf að birta styrk- og veikleikagreiningu sem sett er fram kerfisbundið við hvern þátt matsins og síðan í samantekt í lokin.

10. Opinbert

Fyrirfram þarf að ákveða hverjir hafa aðgang að tilteknum þáttum sjálfsmatsins en sjálfsmatsskýrslu þarf að birta opinberlega. Hér þarf að tryggja að haldin séu í heiðri ákvæði gildandi laga, m.a. um meðferð persónuupplýsinga.

Matstæki

Mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur hannað spurningalista á rafrænu formi sem úttektaraðilar skrá niðurstöður sínar í. Spurningalistarnir eru þrenns konar og fer val á spurningalista eftir stöðu sjálfsmats í hverjum skóla fyrir sig. Meginlistinn samanstendur af 42 spurningum sem úttektaraðilar svara ef skólinn hefur unnið að kerfisbundnu sjálfsmati. Listinn skiptist í fimm meginhluta:

I. Staða sjálfsmats – markmiðið er að fá fram upplýsingar um hver staða sjálfsmatsvinnu í skólanum er.

II. Sjálfsmatsaðferðir– markmiðið er að afla upplýsinga um það kerfi sem skólinn notar. Viðmiðin eru: formlegt, altækt, áreiðanlegt, samstarfsmiðað, umbótamiðað, árangursmiðað, stofnana- og einstaklingsmiðað, lýsandi, greinandi og opinbert. Settar eru fram spurningar um hvert þeirra.

III. Framkvæmd sjálfsmats – markmiðið er að fá fram upplýsingar um hvernig til hefur tekist með framkvæmd sjálfsmatsins.

IV. Heildarniðurstaða – markmiðið er að fá fram lokaniðurstöðu úttektaraðila um annars vegar sjálfsmatsaðferðirnar og hins vegar um framkvæmdina. Til að svara þessum hluta byggja úttektaraðilar annars vegar á hluta II og hins vegar á hluta III (sjá hér að ofan).

V. Greinargerð – markmiðið er að fá fram stutta samantekt (hámark 1 bls. A4) á niðurstöðum ásamt athugasemdum og öðrum upplýsingum frá úttektaraðilum.

Ef skólinn hefur einungis gert einstakar tilraunir við sjálfsmat um afmarkaða þætti skólastarfsins fylla úttektaraðilar út spurningalista sem samanstendur af sjö spurningum. Styttri listi er fylltur út ef ekkert hefur verið unnið við sjálfsmat eða undirbúningur sjálfsmats er hafinn. Úttektaraðilar skila í öllum tilvikum stuttri greinargerð með spurningalistunum.

Skólar í úttekt vorið 2007

Austurbæjarskóli, Álftamýrarskóli, Breiðholtsskóli, Foldaskóli, Grandaskóli, Grunnskóli Seltjarnarness, Hagaskóli, Hamraskóli, Hlíðaskóli, Húsaskóli, Hvassaleitisskóli, Korpuskóli, Landakotsskóli, Langholtsskóli, Laugalækjarskóli, Laugarnesskóli, Melaskóli, Réttarholtsskóli, Rimaskóli, Selásskóli, Seljaskóli, Tjarnarskóli, Vesturbæjarskóli, Ölduselsskóli og Öskjuhlíðarskóli.

Skólar í úttekt haustið 2007

Brekuskóli, Dalvíkurskóli, Engidalsskóli, Flataskóli, Grenivíkurskóli, Grunnskólinn á Raufarhöfn, Grunnskólinn á Þórshöfn, Grunnskólinn í Grímsey, Grunnskólinn í Hrísey, Grunnskóli Ólafsfjarðar, Hlíðarskóli á Akureyri, Hrafnagilsskóli, Kársnesskóli, Litlulaugaskóli, Lundarskóli, Lækjarskóli, Salaskóli, Setbergsskóli, Stórutjarnarskóli, Valsárskóli, Pelamerkurskóli, Öldutúnsskóli og Öxarfjarðarskóli.

Skólar í úttekt vorið 2008

Akurskóli, Barnaskólinn á Eyrarbakka og Stokkseyri, Brekkubæjarskóli, Flóaskóli, Flúðaskóli, Gerðaskóli í Garði, Grunnskóli Snæfellsbæjar, Grunnskólinn á Hellu, Grunnskólinn í Borgarnesi, Grunnskólinn í Grindavík, Grunnskólinn í Sandgerði, Grunnskólinn í Stykkishólmi, Grunnskólinn í Vestmannaeyjum, Grunnskólinn í Þorlákshöfn, Grunnskólinn Ljósaborg, Heiðarskóli í Hvalfjarðarsveit, Heiðarskóli í Reykjanesbæ, Holtaskóli, Hvolsskóli, Laugalandsskóli, Myllubakkaskóli, Njarðvíkurskóli, Sunnulækjarskóli, Vallaskóli og Þjórsárskóli.

Skólar í úttekt haustið 2008

Álftanesskóli, Árbæjarskóli, Ártúnsskóli, Áslandsskóli, Barnaskóli Hjallastefnunnar í Garðabæ, Borgaskóli, Breiðagerðisskóli, Finnbogastaðaskóli, Grunnskóli Bolungarvíkur, Grunnskóli Grundarfjarðar, Grunnskóli Ísafjarðar, Grunnskóli Vesturbyggðar, Grunnskóli Önundarfjarðar, Grunnskólinn á Borðeyri, Grunnskólinn á Drangnesi, Grunnskólinn á Hólmavík, Grunnskólinn á Tálknafirði, Grunnskólinn í Búðardal, Grunnskólinn í Hveragerði, Grunnskólinn Suðureyri, Grunnskólinn Tjarnarlundi, Grunnskólinn Þingeyri,

Háteigsskóli, Hjallaskóli, Hofstaðaskóli, Hólabrekkuskóli, Hraunvallaskóli, Hvaleyrarskóli, Ingunnarskóli, Klébergsskóli, Kópavogsskóli, Laugagerðissskóli, Lágafellsskóli, Lindaskóli, Reykhólaskóli, Stóru-Vogaskóli, Vatnsendaskóli, Víðistaðaskóli og Vogaskóli.

Skólar í úttekt vorið 2009

Brúarásskóli, Digranesskóli, Engjaskóli, Fellaskóli Fljótsdalshéraði, Fellaskóli Reykjavík, Fossvogsskóli, Garðaskóli, Grunnskóli Bakkafjarðar, Grunnskóli Borgarfjarðar eystri, Grunnskóli Breiðdalshrepps, Grunnskóli Djúpavogs, Grunnskóli Eskifjarðar, Grunnskóli Fáskrúðsfjarðar, Grunnskóli Hornafjarðar, Grunnskóli Reyðarfjarðar, Grunnskólinn á Stöðvarfirði, Grunnskólinn í Hofgarði, Grunnskólinn á Egilsstöðum og Eiðum, Hallormsstaðaskóli, Nesskóli, Norðlingaskóli, Safamýrarskóli, Seyðisfjarðarskóli, Sjalandskóli, Skóli Ísaks Jónssonar, Smáraskóli, Snælandsskóli, Víkurskóli, Waldorfskólinn Lækjarbotnum og Waldorfskólinn Sólstafir í Reykjavík.

Skólar í úttekt haustið 2009

Árskóli, Borgarhólsskóli, Brúarskóli, Giljaskóli, Glerárskóli, Grundaskóli, Grunnskóli Bláskógabyggðar, Grunnskóli Borgarfjarðar, Grunnskóli Húnaþings vestra, Grunnskóli Mýrdalshrepps, Grunnskóli Siglufjarðar, Grunnskólinn á Blönduósi, Grunnskólinn í Súðavík, Hafralækjarskóli, Húnavallaskóli, Höfðaskóli, Hörðuvallaskóli, Kirkjubæjarskóli, Oddeyrarskóli, Reykjahlíðarskóli, Síðuskóli, Skólinn austan Vatna, Suðurhlíðarskóli, Svalbarðsskóli, Sæmundarskóli, Varmahlíðarskóli, Varmalandsskóli, Varmárskóli og Vopnafjarðarskóli.

Úttektaraðilar 2007-2009

Úttektir á sjálfsmatsaðferðum í hverjum skóla voru í höndum tveggja til þriggja einstaklinga sem saman hafa menntun og reynslu á sviði sjálfsmats, skólastarfs á grunnskólastigi og gæðastjórnunar.

Úttektirnar árið 2007 voru framkvæmdar af British Standards Institution á Íslandi. Árið 2008 sáu British Standards Institution á Íslandi og Attentus mannauður og ráðgjöf um framkvæmdina og árið 2009 sáu þessir sömu aðilar, auk skólaþróunarsviðs Háskólans á Akureyri um framkvæmd úttektanna.